

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. maí 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrá (með síðari breytingum) eftirtalinnu rafveitna frá og með 1. febrúar 1980:

Rafveita Húsavíkur nr. 246 28. maí 1979	20%
Rafveitur Reykjaness:	
Rafveita Voga- og Vatnsleysustrandarhrepps gjaldskrá nr. 391 20. sept. 1979	20%
Rafveita Grindavíkur gjaldskrá nr. 389 20. sept. 1979	20%
Rafveita Miðneshrepps gjaldskrá nr. 441 31. okt. 1979	20%
Rafveita Gerðahrepps gjaldskrá nr. 392 20. sept. 1979	20%
Rafveita Njarðvíkur gjaldskrá nr. 391 20. sept. 1979	20%
Rafveita Keflavíkur gjaldskrá nr. 391 20. sept. 1979	20%
Rafveitur Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar gjaldskrá nr. 384 20. sept. 1979	21% ¹⁾
Rafveita Selfoss gjaldskrá nr. 395 20. sept. 1979	13.5% ²⁾
Rafveita Siglufjarðar gjaldskrá nr. 243 29. maí 1979	15%
Rafveita Vestmannaeyja gjaldskrá nr. 237 23. maí 1979	13.5%
Rafveita Sauðárkróks gjaldskrá nr. 245 28. maí 1979	13.5%

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

28. janúar 1980.

Nr. 88.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390, 6. nóvember 1976, með síðari breytingum.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 10 072.00 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar áætla hitaveita vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

¹⁾ Hitagjaldskrárliðir nr. 41—44 hækki um 40%.

²⁾ Þó hækkar taxti 2.1 um 22.5%, taxti 3.2 aflgjald um 31.5%. Heimtaugagjöld hækki um 40%.